

**Nd.**

**1038. Nefndarálit**

**[313. mál]**

um frv. til laga um steinullarverksmiðju.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu þeir Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Steinullarnefndar, Hörður Jónsson, frá Iðntækni- stofnun, Jón Sigurðsson, forstjóri Járblendifélagsins, og Guðmundur Halldórsson frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Svöruðu þeir spurningum nefndarmanna og gerðu grein fyrir skoðunum sínum á málinu.

Vegna fjarveru þeirra Ólafs Davíðssonar og Hallgríms Snorrasonar, frá Þjóð- hagsstofnun, og Garðars Ingvarssonar, frá Seðlabanka, úr borginni gátu þeir ekki mætt á fund nefndarinnar, en nefndin hafði óskað þess að fá þá við viðræðu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri deild. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingar- tillögum við frumvarpið.

Alþingi, 22. maí 1981.

Skúli Alexandersson,  
form., frsm.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
með fyrirvara.

Magnús H. Magnússon,  
fundaskr.

Jósef H. Þorgeirsson,  
með fyrirvara.

Pálmi Jónsson.

Guðm. G. Þórarinnsson.

Páll Pétursson.